



Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Reykjavík 17. maí 2021
Fundarstaður: Stórhöfða 29

Mætt:

Margrét Arnarsdóttir, Sigmundur Grétarsson, Kristján Helgason, Guðjón Viðar Guðjónsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hilmar Guðmundsson, Magni Rafn Jónsson, Hafsteinn Hreiðarsson, Andri Reyr Haraldsson, Jakob L. Leifsson, Þór Hinriksson, Eiríkur Jónsson, Björn Hilmarsson og Guðmundur Gunnarsson

Mætt í fjarfundi: Enginn

Fundur settur: kl. 18:05

Formaður setti fund og bauð stjórn og trúnaðarráð velkomið á fundinn.

Ritari hafði beðið um breytingu á boðaðri dagskrá. Á dagskrá yrðu teknar fundargerðir funda stjórnar og trúnaðarráðs frá 5. febrúar, 2021 og 4. maí, 2021. Dagskrárbreyting var samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 4. maí samþykkt. Ákveðið að fresta afgreiðslu fundargerðar frá 5. febrúar. Ritari FÍR mun senda stjórn og trúnaðarráði fundargerðina en orða þarf betur fyrsta dagskrárlið hvað varðar lög um handiðnað og vinnustaðanám.

2. Rafmennt

Formaður opnaði á umræður um sveinspróf í rafvélavirkjun en Rafmennt neitar að halda það. Umræður urðu um þessa afstöðu Rafmenntar. Menntamálaráðuneytið hefur gert Rafmennt að halda sveinspróf í október á þessu ári. Aðrar fréttir af Rafmennt eru þær að það hefur verið góð aðsókn að námskeiðum.

3. Miðstjórn/sambandsstjórn

Formaður opnaði umræðu um að þeim aðilum sem ekki hafa sýnt starfinu áhuga verði skipt út úr sambandsstjórn. Fundarmenn voru almennt sammála um að í sambandsstjórn verði að sitja þeir sem sýni starfinu áhuga og sinni því. Af trúnaðarráðsmönnum sem sátu fundinn hafa Björn Hilmarsson og Guðjón V. Guðjónsson áhuga á að vera í sambandsstjórn. Formaður ætlar að hafa samband við félagsmenn og kanna áhuga á setu í sambandsstjórninni.

Formaður hóf máls og talaði fyrir því að þeir sem hvorki eru í stjórn eða trúnaðarráði geti ekki verið í miðstjórn. Ekki var lögð fram skrifleg tillaga.

Eiríkur Jónsson yfirgaf fundinn kl. 19:45

All miklar umræður urðu um málið. Að þeim loknum var gengið til atkvæða.

Það sem ég (SPG) greiddi atkvæði um hljóðaði svo í minni mínu og samkvæmt minnispunktum – Á fundi stjórnar og trúnaðarráðs sem haldinn var mánudaginn 17. maí, 2021 var samþykkt að einungis þeir sem sitja í stjórn og/eða trúnaðarráði geti verið í miðstjórn Rafiðnaðarsambandsins fyrir hönd FÍR.- Þar sem skrifleg tillaga var ekki lögð fram þá bið ég fundarmenn að láta vita hvað þeir telja sig hafa greitt atkvæði um.

Atkvæði féllu á þann veg að sjö (7) sögðu já, tveir (2) sögðu nei og fjórir (4) sátu hjá.

Sigmundur Grétarsson bókar að hann er að öllu leyti ósammála fyrirætlun stjórnar og trúnaðaráðs að víkja Helga Ingasyni úr miðstjórn Rafiðnaðarsambandsins. Skrif Helga á Facebook síðu miðstjórnar voru óviðeigandi og þeim var vísað til siðanefndar. Siðanefnd taldi ekki að Helgi hefði brotið siðareglur sambandsins en taldi hinsvegar að það færi nærri því að óskrifaðar reglur um háttvísi hefðu verið brotnar. Ef vísa á Helga úr miðstjórn fyrir þetta erum við orðin kaþólskari en páfinn.

4. Störf stjórnar

Formaður flutti skýrslu um störf stjórnar. Helstu atriði eru: komin er ný heimasíða. Verið er að vinna að nýjum leigusamningum og verið er að endurmeta húsnæðisþörf félagsins og annarra sem eru með starfsemi í Stórhöfða. Vinnureglur stjórnar eru í vinnslu, afmæli FÍR er 4. júní og skotkeppni RSÍ er 29. maí. Nýir fulltrúar í trúnaðarráði eru boðnir velkomnir til starfa.

Sigmundur Grétarsson tók til máls og las greinargerð sem verður fylgiskjal þessarar fundargerðar. Hann bókar:

Mitt álit er að stjórn sé óstarfhæf vegna eineltis- og einræðistilburða formanns. Gjaldkeri styður það opinberlega og hinir stjórnarmenn taka ýmist undir á fundum og tölvupóstum eða styðja með þögninni. Það sem ég hef til saka unnið er að ég hef þá skoðun að stjórn hélt formlegan fund að kvöldi 7. janúar. Til þess fundar bar boðað með dagskrá. Því eru hin ósammála, þó hittumst við og sátum lengi. Fyrst með Helga Ingasyni og trúnaðarmanni hans. Eftir að þeir fóru úr húsinu þá sátum við áfram, ræddum framboðs- og lagamál. Að auki vill eiginlega enginn annar en ég viðurkenna að stjórn hitti Helga og trúnaðarmann hans þennan dag. Þá spurði formaður hvort Helgi vildi víkja til hliðar. Aðrir stjórnarmenn eru sammála um að aldrei skuli neitt það vera til í bókum félagsins sem sýnir það. Hvorki fundargerð né minnisblað.

Allmiklar umræður urðu og varð sumum heitt í hamsi. Fundarmenn almennt sammála um að það sé vond staða ef sundurlyndi er innan stjórnar. Hins vegar styrki það starfið ef í stjórn og trúnaðarráði er breidd og mismunandi skoðanir leyfðar.

Ákveðið að fá utanaðkomandi aðila til að vinna með stjórn og finna leið til að greiða úr vandanum.

5. Opna deildin

Formaður sagði frá opnu deildinni. Engir þeirra sem hafa sótt um aðild hafa uppfyllt kröfur.

6. Aðalfundur

Stefnt er að framhaldsaðalfundi í byrjun september.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:27

Fundargerð ritaði SPG

Greinargerð Sigmundar Grétarssonar sem hann las upp undir dagskrárliðnum málefni stjórnar á fundi stjórnar og trúnaðarráðs FÍR sem haldinn var 17. maí, 2021. Greinargerð þessi er fylgiskjal með fundargerðinni.

Ágætu félagar, ég er manna fyrstur til að viðurkenna að stjórn gengur illa að vinna saman. Að starfið er ómarkvisst og allt í skötulíki. Einnig viðurkenni ég fúslega, annað væri hræsni, að ég á í erfiðleikum. Auðvitað á ég hlut að máli, við erum sjö í stjórn og ekkert okkar hvítþveginn engill.

Hinsvegar þá verð ég að segja að ég er lagður í einelti, af formanni. Gjaldkeri styður formanninn dyggilega og hinir ýmist styðja með þögninni eða taka þátt með tilsvörum í tölvupóstum og spjallforriti.

Einhverra hluta vegna finnst formanni að ég og Helgi Ingason séum einn og sami maðurinn. Formanni er illa við Helga og hefur það að markmiði að koma honum úr öllu starfi FÍR. Ég er orðin hin hlið Helga því ég hef talað fyrir því innan stjórnar að það verði gert minnisblað um fund sem haldinn var 7. janúar, á hann mættu Helgi og trúnaðarmaður hans. Umræðuefnið var skrif Helga á Facebook síðu miðstjórnar og hvort þau hefði afleiðingar. Eftir að Helgi yfirgaf húsið þá sat stjórn og ræddi framboðs- og lagamál. Nú vill stjórn hvorki halda fundargerð stjórnar né minnisblað um að hafa hitt Helga.

Eftir þetta er mér eiginlega óvært í stjórn. Formaður svarar mér seint og illa þegar ég sendi tölvupósta og spyr um dagskrá fundar, hvaða gögn verða lögð fram og hvort fundargerðir verði ekki teknar til afgreiðslu. Hins vegar svarar gjaldkeri, glaður og reifur, en varaformaður þegir. Fyrir þennan fund sendi gjaldkeri út dagskrá. Voru bæði formaður og varaformaður forfallaðir?

Það komu engin gögn til að auðvelda ritun fundargerðar eða til að fundarmenn gætu tekið upplýstar ákvarðanir á fundinum. En það er venjan, ekki undantekning.

Svo rita ég fundargerð sem formaður neitar að taka til afgreiðslu því það er sett út á allt frá því að ritað er, formanni og ritara falið að undirrita fundargerð skv. 27. grein laga FÍR, til þess að sett er út á orðin – fleira ekki gert og fundi slitið. Þar sem engin gögn eru lögð fram og enginn leggur neitt formlega til málanna þá er formaður hvað eftir annað óður og uppvægur yfir að ég leggi henni orð í munn og geri upp skoðanir. Ég tel þó að ég hafi aldrei verið meiðandi og ávallt tekið vel í orðalagsbreytingar. En ég held í að gengið skuli frá fundargerðum skv. lögum og lýk fundargerð með – fleira ekki gert og fundi slitið.

Þegar stjórn undirritaði ársreikning þá lagði ég fram bókun þar sem ég tók undir athugasemdir skoðunarmanna reikninga. Þá vildi formaður meina mér að bóka, en því var afstýrt og svo var ég tekinn á beinið á eftir er formaður vék af fundi. Ég var tekinn á beinið því ég hef látið stjórn vita að ég mun vísa samskiptum til siðanefndar. Það mál vinn ég með lögmanni, upp úr tölvupóstum og spjallþráðum. Stjórn hugnast það ekki. Telur að ég geti vísað til siðanefndar án þess að utanaðkomandi sjái um hvað málið snýst. Stjórn vill einnig að ég eyði öllum persónulegum minnisblöðum og skrifum um málefni félagsins, það sem gerist á fundum og ekki fundum stjórnar, trúnaðarráðs og miðstjórnar. Þá var orðað að mér væri óheimilt að leita ráða hjá Magnúsi Norðdahl lögmanni ASÍ. Það að meina mér að leita aðstoðar og skoðana mér fróðari manna og að samskipti séu svo persónuleg að það sé hættulegt að annar lesi en sá sem þau eru ætluð benda til kúgunar og eineltis. Þetta er bara svona lokaður hópur þar sem ein skoðun/hegðun líðst.

Mér finnst FÍR hafi sett niður. Margir félagar FÍR vita að ég er lítið í eigin hagsmunagæslu. Ég hugsa meira um hag félagsins og félagsmanna, heildarinnar, en hvað kæmi mér einum best. Enda hefur mér verið treyst. Kristján Helga hringdi meðal annars í mig þegar verið var að reyna að eyðileggja framboðið hans í vor. Þá treysti hann mér. Guðmund Ævar hef ég þekkt lengi, hann stendur hvorki við hlið mér né að baki. Þó hringir hann í mig og biður um að ég taki mál upp á fundum miðstjórnar. Mál sem hann veit að vekja litla lukku. Þá þegir hann og ég tala.

Ég mæli með að stjórn leiti utanaðkomandi hjálpar til að leysa úr vanda þeim sem hún er í.

Að því sögðu þá hlakka ég til að taka þátt í undirbúningi næstu kjarasamninga. Sú vinna fer fram næsta vetur því við þurfum að vera vel undirbúin fyrir lotuna sem hefst haustið 2022.

Reykjavík 17. maí, 2021

Sigmundur Grétarsson